



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Bragi segir (sjálf)sögur

Söguheimur þriggja skáldsagna Braga Ólafssonar

Ritgerð til BA-prófs í Almennri Bókmenntafræði

Kjartan Fossberg Jónsson

Maí 2014

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Almenn Bókmenntafræði

Bragi segir (sjálf)sögur

Söguheimur þriggja skáldsagna Braga Ólafssonar

Ritgerð til BA-prófs í Almennri Bókmenntafræði

Kjartan Fossberg Jónsson

Kt.: 190386-6199

Leiðbeinandi: Gunnþórunn Guðmundsdóttir

Maí 2014

Ágrip

Í þessari ritgerð verður fjallað um þrjár skáldsögur eftir Braga Ólafsson. Þær eru *Sendiherrann* (2006), *Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson* (2010) og *Fjarveran* (2012), þá verður komið stuttlega inn á útvarpsleikritið *Gestabókin* og tengsl síðastnefndu skáldsögunnar við *Gæludýrin* (2001), aðra bók Braga.

Ástæða þess að þessar þrjár skáldsögur (og útvarpsleikrit) eru til umfjöllunar er sameiginlegur söguheimur verkanna. *Sendiherrann* fjallar um ljóðskáldið Sturlu Jón, *Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson* fjallar um Örn og Jón. Örn vill skrifa og Jón er lærður leikstjóri. *Fjarveran* fjallar um prófarkalesarann Ármann Val, sem langar til að skrifa. Skáldskapur er umfjöllunarefni bókanna þriggja, söguheimsins. Í ritgerðinni verður litið á hvernig fjallað er um skáldskap og tengsl hans við söguheiminn og öfugt.

Allar aðalpersónur bókanna tengjast skáldskap. Jenný Alexson skrifar meira að segja eina þeirra eins og segir í nafni bókarinnar. Skáldskapur er alltumlykjandi í verkunum þremur og það kemur fram á ýmsa vegu. Hér verður litið sérstaklega á þrjá: Vísanir, ýmiss konar vísanir (í önnur verk, í eigin verk, í gerð verksins), frásagnaspegla, verk inni í verkum (það birtast verk inni í öllum þrem bókunum) og söguheimin sjálfann, persónugalleryið sérstaklega.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
1. Kafli: Bragi Ólafsson, Rithöfundur.....	5
2. Kafli: Að segja sögur um það að segja sögur	
I.....	7
II.....	9
3. Kafli: Sturla Jón	
I.....	12
II.....	17
4. Kafli: Jón (og Jenný) eða Jenný (og Jón)	
I.....	19
II.....	23
5. Kafli: Ármann Valur	
I.....	24
II.....	26
III.....	27
Lokaorð.....	29
Heimildarskrá.....	31

Söguheimur fylgir skáldskap. Hver einasta skáldsaga hefur sinn söguheim. Hvort sem um er að ræða realískan söguheim eða söguheim fantasíunnar. Í bókmenntagreinum, eins og fantasíu, er meira um að söguheimur sé nógu stór fyrir bókaröð, eða tvær. Malazan Book of the Fallen er bókaröð eftir Steven Erikson. Malazan heimsveldið er söguheimur bókanna tíu. Glæpasögur hafa líka söguheim. Munurinn er sá að hann er yfirleitt realískur, þar sem persónurnar er það sem máli skiptir á milli bóka í bókaröð, Erlandar-bækur Arnaldar Indriðasonar er ágætt dæmi. Utan beinna greinabókmenta má finna þrífleiki Jóns Karls Stefánssonar.

Á milli 2006 og 2012 komu út þrjár skáldsögur eftir Braga Ólafsson. Fyrir utan höfund þeirra áttu þær sameiginlegan söguheim. Bækurnar þrjár fjalla um fólk yfir fimmtugt sem allt tengist skáldskap á einn eða annann hátt. Skáldskapur er það sem bækurnar fjalla allar um og notast er við sameiginlegan söguheim sem stækkar með hverri bók.

Ritgerðin fjallar um þessar þrjár bækur Braga; *Sendiherrann*, *Handritið að kvikmynd Arnar Featherby* og *Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson* og *Fjarveran*. Ritgerðin fjallar um notkun bókanna og söguheimsins á sjálfsögunni (e. *metafiction*). Fyrstu tveir kaflarnir eru almenns efnis þar sem fjallað verður stuttlega um Braga sjálfan í fyrsta kafla og bækurnar þrjár og sjálfsöguhugtakið í öðrum kafla. Næstu þrjú kaflar snúa svo að hverri bók fyrir sig í tímaröð, frá *Sendiherranum* til *Fjarverunnar*.

Söguheimur er umfjöllunarefni ritgerðarinnar en í víðara samhengi en öllu jafna er þegar hugsað er um hugtakið söguheimur. Þess vegna verður það sem er þekkt sem innri söguheimur sem er eðlilega rætt um sem söguheimur. Ástæðan fyrir þessu er að aðferðir sem eru notaðar í öllum þrem bókunum, frásagnaspeglar og vísanir, eru hér felldar inn í Söguheim bókanna þriggja (hér eftir alltaf með stóru essi). Innri söguheimurinn er veruleiki persóna bókanna, Söguheimur snýr að því hvernig bækurnar þrjár eru allar skáldskapur um skáldskap. Innri söguheimur er það sem fer beint frá bók til bókar, persónur, atvik, o.s.frv.; Söguheimur inniheldur líka þær aðferðir sem ferðast á milli bóka í umfjöllun þeirra um skáldskap.

Í köflunum þrem um bækurnar eru það þessar aðferðir sem verða til umræðu. Þær eru þrjár, með innri söguheiminum meðtölum. Fyrst verður farið í vísanir og frásagnaspeglar bókanna og hvernig þeir breytast og birast í bókunum og milli bóka og svo er það innri söguheimurinn og hvernig hann stækkar með hverri bók og fer að færast meir og meir inn í hinar tvær aðferðirnar, fer að yfirtaka Söguheiminn allann.

1. Bragi Ólafsson, Rithöfundur

Bragi Ólafsson er fæddur 11. ágúst 1962. 1983 lauk hann stúdentsprófi frá nýmáladeild Menntaskólans við Hamrahlíð síðan stundaði hann spænskunám við Háskólann í Granada á Spáni, 1985-86, og við Háskóla Íslands '86-7.¹ Árið 1986 var Bragi meðstofnandi útgáfufyrirtækisins Smekkleysu og í kjölfarið, að sögn Braga, til þess að fjármagna Smekkleysu var hljómsveitin Sykurmolarnir stofnuð (áður hafði hann verið í hljómsveitinni Purrkur Pilnikk).² Bragi var bassaleikari Sykurmolanna allann lífstíma sveitarinnar sem hætti störfum 1992. Sama ár og Smekkleysa var stofnuð kom út fyrsta ljóðabók hans, *Dragsúgur* og þrettán árum síðar, sama ár og fyrsta skáldsagan, kom út *Ljóðaúrval 1986-1996*. Á þeim áratug sem ljóðaúrvalið gerir skil, birtust fjórar ljóðabækur frá Braga, tvær þeirra á tíma Sykurmolanna. Í viðtali hefur Bragi komið inn á hvað ljóðaformið hafi hjálpað honum í öðrum skrifum:

En ég er alltaf að gera mér betur grein fyrir því hvað það skiptir miklu máli að hafa lifað í ljóðinu og lesið þau stöðugt... Ljóðið er móðurstöðin – hvernig getur maður orðað þetta – grunnurinn fyrir aðrar greinar.³

Eftir að hafa fengist við ýmis störf hefur hann frá 2001 eingöngu unnið sem rithöfundur.⁴

Bragi hefur víða komið við á ritferlinum: fjögur útvarpsleikrit: *Sumardagurinn fyrsti* var frumflutt 1995, *Augnrannsóknin* 2001, *Gróið hverfi* 2003 og *Gestabókin* 2014. Einnig samdi hann tvö sviðsleikrit (ásamt einþáttungi frá 1996), ljóðabækur (nokkrar hafa bæst við síðan 1996), sagnasöfn og skáldsögur. Sjálfur hefur hann sagt að skáldsagan sé það form sem hann telur að henti sér best.⁵

Fyrsta skáldsagan, *Hvíldardagar*, kom út árið 1999 og var líkt og önnur skáldsaga hans, *Gæludýrin* (2001), tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna og Menningarverðlauna DV. Næstu tvær skáldsögur *Samkvæmisleikir* (2004) og

¹ Bragi Ólafsson, „Nánar um höfundinn“, *Bragi Ólafsson, Sjoppuhornið*, <<http://bragi.funksjon.net/um/stutt-um-hofundinn/>>, sótt 13. mars 2014

² Chad W., „Full Interview with Bragi Olafsson“, *Hermanautic Circle Blog* (8. sept 2008), <<http://hermanaut.org/2008/09/08/full-interview-with-bragi-olafsson/>>, sótt 20. mars 2014

³ Sigurbjörg Þrastardóttir, „Maður í frakka“, *Lesbók Morgunblaðsins* (23. des 2006), <http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=284016&pageId=4118643&lang=is&q=Bragi%20%C3%93lafsson>, sótt 30. mars 2014

⁴ Bragi Ólafsson, „Nánar um höfundinn“, sótt 13. mars 2014

⁵ Chad W., „Full Interview with Bragi Olafsson“, sótt 30. mars 2014

Sendiherrann (2006) unnu báðar til verðlauna sem besta skáldsagan hjá starfsfólki bókaverslana. *Samkvæmisleikir* vann einnig Menningarverðlaun DV árið 2005 og *Sendiherrann* var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. *Sendiherrann* er, samkvæmt Braga, önnur bókin í Handritakvartett- eða kvintettnum:

Þessi bók er raunar númer tvö í seríu sem mig langar til að skrifa, sem ég kalla í bili Handritakvartettinn. Jafnvel Handritakvintettinn. Ég var nefnilega byrjaður á bók um föður Sturlu Jóns, Jón Magnússon, og vin hans Örn Featherby, en gerði hlé á henni þegar hugmyndin að *Sendiherranum* kviknaði.⁶

Bókin sem hann nefnir að hafa verið byrjaður á varð að *Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson* sem kom út 2010, fjórum árum eftir birtingu viðtalsins. Það má segja að síðan 2006 hafi Bragi haldið sig í sama söguheiminum sem lesendur kynnast fyrst í *Sendiherranum*.

Sendiherrann, *Handritið* (hér eftir aðeins nefnt því nafni), *Fjarveran* (2012) og útvarpsleikritið *Gestabókin*, fjalla allar um þennan söguheim.

⁶ Sigurbjörg Þrastardóttir, „Maður í frakka“, sótt 30. mars 2014

2. Að segja sögur um það að segja sögur

I

Ég hélt ég hefði sofnað í stofunni, hugsar Ármann þegar hann rís upp í rúminu inni í svefnherbergi. Hann hafði verið að vinna fram eftir kvöldi, eins og hann hefur gert síðustu daga, af meiri áhuga en hann á jafnan að venjast. Því það sem hann er að lesa þessa dagana er skáldsaga eftir höfund á fimmtugsaldri, saga um mann á hans eigin aldri, prófarkalesara sem með því að forðast flest samskipti við fólk hefur mun meira af því að segja en ella. Fyrirfram hefði Ármann ekki búist við að honum þætti slík persóna áhugaverð.⁷

Bragi Ólafsson varð fimmtugur í ágúst 2012.

Þennan texta er að finna á bakkápu *Fjarverunar*. Hún fjallar um Ármann Val Ármansson, prófarkalesara, á þremur tímabilum í lífi hans; árin 2001, 2006 og 2011. *Fjarveran* hefst árið 2001 þegar Ármann Valur vaknar í húsi Emils S. Halldórssonar, aðalpersónu *Gæludýranna*. 2006 er ár innri söguheimsins í *Sendiherranum* og *Handritinu*. Tími er mikilvægur innri söguheiminum. Sturla Jón, aðalpersóna *Sendiherrans*, fer til Litháen í *Sendiherranum*, er í Minsk í *Handritinu* og var að gefa út nýja ljóðabók þegar Ármann Valur og Þorbjörn ræða málin á Akureyri, allt þetta gerist árið 2006.⁸ Og á fleiri en einn máta er tími mikilvægur. Í *Sendiherranum*, rifjar Sturla upp perring kollega síns „yfir því hvernig höfundur gæti leyft sér að láta persónu eiga samtál við aðra persónu í að því er virtist hálfa klukkustund[...], en tíminn sem persónunum hefði verið skammtað fyrir samtalið, samvæmt klukku frásagnarinnar, hefði[...]verið ein mínúta eða tvær.“⁹

Það er enginn einn söguþráður í *Fjarverunni*. Skáldsaga Emils, Geirfinnsmálið, skrif Ármanns, 'Markúsarsaga', Rúrik, o.s..frv, eru allt þræðir sem koma og fara (og koma) í gegnum bókina. Úlfhildur Dagsdóttir segir að í *Fjarverunni* hafi Bragi „á

⁷ Bragi Ólafsson, *Fjarveran*, Reykjavík: Mál og Menning, 2012, bls. 179

⁸ Sama rit, bls. 96

⁹ Bragi Ólafsson, *Sendiherrann*, Reykjavík: Mál og Menning, 2006, bls. 83

vissan hátt fullkomnað þá margvíslegu höfnun atburðarásar sem einkenndi bæði *Sendiherrann* og *Handritið*.¹⁰ En, þrátt fyrir þá „ördeyðu atburða sem einkenna ‚framvindu‘ verksins er svo margt að gerast að það hálfra væri nóg.“¹¹

Sendiherrann segir frá för Sturlu Jóns, ljóðskálds og húsvarðar, á ljóðahátíð í bænum Druskininkai í Litháen. Eða öllu heldur, hvernig Sturla fór til Litháen en ekki á ljóðahátíðina. Framvinda bókarinnar fjallar um hvernig Sturla mætir ekki á ljóðahátíðina. *Handritið* segir frá þeim Jóni Magnússyni og Erni Featherby þegar þeir fara til Hull á Englandi með skipi, vegna flughræðslu Arnar. Þar á Örn arf eftir föður sinn (tæplega 200 pör af skóm). Þá hafa þeir félagar fengið pening til þess að gera kvikmynd og ætla þeir að nota ferðina til handritaskrifa. Eins og í *Sendiherranum* er hér rauður þráður en, aftur og aftur, týnist hann. Það er þökk sé, eða vegna, sögukonunnar Jenný Alexson, sem „[...]virðist gersamlega ómögulegt að halda sig við efnið og fyllir söguna linnulausum útdúrum[...]“¹² Þessir útdúrar flækja söguna og hindra alla eðlilega framvindu og aftur birtist höfnun á atburðarrás eins og í bókunum beggja megin við *Handritið*. Birtingarmynd höfnunarinnar breytist töluvert milli bóka. *Sendiherrann* heldur sig (næstum) alltaf við Sturlu Jón, *Handritið* er í höndum Jennýjar og *Fjarveran* segir frá þremur tímabilum í lífi Ármanns Vals. *Sendiherrann* og *Fjarveran* eru svipaðar í stíl, báðar í þriðju persónu, halda sig oftast hjá aðalpersónu. *Fjarveran* segir frá lengra tímabili og engann rauðan þráð er að finna.

Þetta leyðir af sér að mikilvægi persóna eykst. Frá bók til bókar bætist við persónugallerý innri söguheimsins og hlutverk persóna sveiflast upp og niður. Ármann Valur birtist í öllum þrem bókunum, en það er ekki fyrr en í *Fjarverunni* sem hann fær stærra hlutverk. Aðalpersónur bókanna þriggja, koma allar eitthvað við sögu í öllum þrem bókunum, en jafnframt er mikið af aukapersónum sem fá aldrei sviðsljósið. Sumar koma fyrir í einni bók, aðrar í fleirum. Þorbjörn Gestur fer þar fremstur í flokki. Hann kemst loks í aðalhlutverk í útvarpsleikritinu *Gestabókin* eftir að hafa færst í aukana með hverri bók.

Eins og persónur koma fyrir í öllum bókum, birtast sömu atvik í öllum þremur bókunum. Aftur er Þorbjörn Gestur fremstur meðal jafningja. *Gestabókin* segir frá viðburðarríki sumarbústaðarferð hans sem er nefnd í öllum þrem bókunum.

¹⁰ Úlfhildur Dagsdóttir, „Fögnuður prófarkanna“, *bókmenntir.is* (des 2012),

<http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-34237/>, málsgr. 9, sótt 17. mars 2014

¹¹ Sama rit, málsgr. 7 sótt 17. mars 2014

¹² Úlfhildur Dagsdóttir, „Sögur af skáldum og skáldaðar sögur“, *Tímarit Máls og Menningar* 72(2)/2011, bls. 117-126, hér bls.121

II

„Umfjöllun um skáldskap er því meðal þess sem bindur skáldsögurnar [*Sendiherrann* og *Handritið*] tvær, ekki síður en sameiginlegt persónugallerí, en hluti persóna *Handritsins* hefur áður verið nefndur í *Sendiherranum*." ¹³

Eins og sjá má í þeim tilvitnunum úr bókum Braga sem vitnað er í hér í fyrri hluta þessa kafla, þarf ekki langt að leita til að finna dæmi um sjálfsögu (e. metafiction) í sögum Braga. Þetta er eitt af aðalsmerkjum Söguheimsins sem birtist í bókunum.

Patricia Waugh lýsir sjálfsögu sem „term given to fictional writing which self-consciously and systematically draws attention to its status as an artifact in order to pose questions about the relationship between fiction and reality." ¹⁴ Gott dæmi um slíkt er þegar Sturla Jón rifjar upp pírting kollega síns (sjá tilvitnun fyrir ofan). Þar er verið að vísa í þær aðstæður sem eru á milli Sturlu og lesandans. Mismunurinn á milli hálf tímans sem persónur virtust eyða þegar þeim „hefði verið skammtað" örfáar mínútur. ¹⁵

Samkvæmt Waugh á hugtakið 'metafiction' rætur sínar að rekja til ritgerðar William H. Gass frá 1970, en hún bendir á að notkun þess sé jafngamalt skáldsögunni ef ekki eldra. ¹⁶ Íslenska orðið sjálfsaga má rekja til Ástráðs Eysteinsonar árið 1999. ¹⁷

Í grein um verk Elíasar Mar skrifar Jón Karl Helgason um frásagnaspeglar. Þegar verk er inni í skáldsögunni. Jón Karl lítur til Lucien Dallenbach og skrifa hans þar sem segir frá nokkrum tegundum frásagnaspeglar. ¹⁸ Jón segir einnig frá því að frásagnaspeglar geta speglað söguþráð verks, sköpun eða viðtökur og/eða táknerfi verksins. ¹⁹ Frásagnarspeglar má finna í hvort tveggja *Sendiherranum* og *Handritinu*. Bæði ljóð og greinar eftir Sturlu Jón birtast í *Sendiherranum*.

Patricia Waugh segir enn fremur: „for metafictional writers the most fundamental assumption is that composing a novel is basically no different from

¹³ Sama rit, bls. 117

¹⁴ Patricia Waugh, *Metafiction: The Theory and Practice of Self-Conscious Fiction*, London og New York: Routledge, 1984, bls. 12

¹⁵ Bragi Ólafsson, *Sendiherrann*, bls. 83

¹⁶ Patricia Waugh, *Metafiction*, bls. 2

¹⁷ Jón Karl Helgason, „Deiligaldur Elíasar: tilraun um frásagnarspeglar og sjálfgetinn skáldskap", *Ritið* 6(3)/2006, bls. 101-130, hér bls. 102

¹⁸ Sama rit, bls. 108

¹⁹ Sama rit, bls. 109

composing or constructing one's 'reality'."²⁰ Þröstur Helgason skrifaði grein um *Sendiherrann*, veruleika skáldsögunnar og realískar bókmenntir þar sem hann spurði nokkra höfundu hvort þeir telji sig realíska. Bragi, meðal þeirra sem svöruðu sagði, meðal annars, „Þegar ég hef lýst einhverju og það er komið á prent er það í mínum augum áþreifanlegur veruleiki.“²¹ Þetta passar ágætlega við tilvitnun úr Waugh þar sem hún segir að höfundar sjálfsögubókmennta sjái ekki mun á því að „composing or constructing one's 'reality'“.²² Þröstur segir Braga ekki vera realista nema í þeim skilningi að hann „skrifar bókmenntir sem lýsa veruleika skáldskaparins.“²³ Þröstur bendir þó á að frásagnarháttur sé raunsæislegur og aftur er hægt að tengja við Waugh og sjálfsöguna þar sem hún segir að realsimi, raunsæi, „supply the 'control' in metafictional texts.“²⁴

²⁰ Patricia Waugh, *Metafiction*, bls. 24

²¹ Þröstur Helgason, „Veruleiki skáldsögunnar“, *Lesbók Morgunblaðsins* (6. apríl 2008), <http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=286156&pageId=4179747&lang=is&q=Bragi%20%C3%93lafsson>, sótt 18. apríl

²² Patricia Waugh, *Metafiction*, bls. 24

²³ Þröstur Helgason, „Veruleiki skáldsögunnar“, sótt 18. apríl

²⁴ Patricia Waugh, *Metafiction*, bls. 18

kennslustund
eftir Sturlu Jón Jónsson

*að ég yrði ekki langlífur
í lífi hinna*

það var það sem ég lærði í skólanum

*hvorki ellidauður
í æsku
né bernskur í elli*

*þegar kennarinn hafði spurt
hversu margar vestmannaeyjar hefðu verið
fyrir gos*

*og væru
eftir það*

*og þegar hann hafði fengið
þau röngu svör
sem hann bjóst við að fá*

*fór mig að gruna
þar sem ég horfði út um gluggann
á kennslustofunni*

á seigfljótandi bílaumferð lækjargötunnar

*að ég myndi fljótlega
þjóta fram úr*

*og þegar hann spurði
kennarinn
hversu margir hefðu grafist undir*

*þegar skrattinn tók að dæla
sínu djöfullega gjalli
yfir eyjarnar*

*vissi ég að efninu
sem ég var gerður úr
var ekki ætlað að endast*

*það myndi ekki duga
út lífið²⁵*

²⁵ Bragi Ólafsson, *Sendiherrann*, bls. 321-322

3. Sturla Jón

I

Lág vetrarsólin lýsir upp kennslustofuna. Jónas Hallmundasson horfir út um gluggann yfir Lækjargötuna og lítur ekki út fyrir að vera að hlusta þegar kennarinn, Ármann Valur, byrjar að gantast með það við nemendur sína að nú sé liðinn einn mánuður í okkar nýja tímatali sem miðar upphaf sitt við Vestmannaeyjagosið 23. janúar.²⁶

...til dæmis sagðist hann muna vel eftir íslenskutíma Ármanns Vals í Menntaskólanum, þeim sem Jónas hefði rifjað upp í því ljóði sínu sem hann kallaði *Íslenskutíma*...því sama og Sturla kysi að nefna *kennslustund* í bók sinni.²⁷

Patricia Waugh segir sjálfsgögur draga athygli að sjálfum sér sem skáldskap til þess að spyrja spurninga um tengslin milli raunveruleikans og skáldskapar. Sjálfsgaga er vítt hugtak. Í Söguheiminum er að finna þrjár aðferðir sem allar tengjast sjálfsgögu. Þær eru: frásagnaspeglar, vísanir og innri söguheimur. Innri söguheimur verður til umræðu í seinni hluta kaflans. Vísanir segir sig ekki alveg sjálft. Þær eru persónubundnar og hugsaðar í víðara samhengi. Það er ekki einungis vísanir í rithöfunda og skáldskap, líka í sköpun textans sjálfs og listsköpun almennt. Vísanirnar eru persónubundnar, það er að segja persónurnar eru að tala um, hugsa um, o.s.frv. skáldverk eða sköpun texta, þær birtast í gegnum persónurnar. Þessar þrjár aðferðir sjást allar í öllum þrem bókunum en það er skýrust skiptingin á milli þeirra í *Sendiherranum*. Í seinni tveim bókunum blandast aðferðirnar meir og meir.

Sturla Jón hittir aftur og aftur persónur sem segjast skrifa eða mála. Þessi listsköpun allra persóna sýnir hve alltumlykjandi skáldskapur og listsköpun er, og dæmi um vísanir í listsköpun. Í upphafi *Sendiherrans* er afgreiðslumaður herra Fataverslunar á Bankastrætinu að selja Sturlu Aquascutum-rykfrakka. Afgreiðslumaðurinn segir Sturlu að hann sé myndlistamaður. Rússi, sem Sturla hittir í Litháen, segist vera rithöfundur; Áslákur, sem býr í sama húsi og Sturla, segist skrifa sögur og leigubílsstjóri í Druskininkai segist vera myndlistakona og ljóðskáld. Sérstakasta dæmið er Rússinn.

²⁶ Sama rit, bls. 59

²⁷ Sama rit, bls. 330

Hann hefur ekkert skrifað, þó hann kynni sig sem rithöfund, en segist ætla að skrifa bók, að lífið hans verði bók, sé bók. Hann virðist ekki sjá mun á eigin raunveruleika og skáldskapar. Hann er rithöfundur vegna þess að hann ætlar að skrifa skáldsögu.

Sturla hefur ákveðið að hætta að yrkja ljóð og færa sig yfir í prósa. Hann fær nokkrar hugmyndir að prósakrifum til dæmis smásögu byggða á kvöldi hans á strippklúbbi og kynnum hans á tveimur Rússum. Snemma kvölds kemur í hug hans hugmynd að skáldsögu sem „yrði einhvers konar leiðavísir fyrir útlendinga um Reykjavík: skáldverk sem að efni og útliti gæfi sig út fyrir að vera handbók til að auðvelda ókunnugum kynnin af höfuðborg Íslendinga en gerði í raun hið gagnstæða[...]”²⁸ Vísanir í gerð skáldskapar birstast frá Sturlu og fólki sem hann hittir. Munurinn er að lesandinn fylgir Sturlu og fær því meiri upplýsingar um skáldskap hans og hugmyndir. Sturla notar líka tungumálið og frásagnaraðferðir í hugsunum sínum. Sturla orðar hluti oft með sjálfum sér og, á einum stað, ímyndar hann börnin sín „á sama hátt og alvitur höfundur raunsæislegrar skáldsögu myndi gera,[...]”²⁹ Hér notar aðferðina um alvita höfundinn þegar hann hugsar til barnanna sinna.

Reglulega eru rithöfundar eða ljóðskáld nefnd á nafn. Gogol kemur fyrir, bæði er hann nefndur í bókinni og frakkapjófnaðurinn er fenginn frá honum. Dagur Sigurðsson og Megas, sem Jónas átti til að vísa til („...línu sem Jónas...átti til að læða in í mál sitt...beina leið úr texta Megasar um Ragnheiði biskupsdóttur.”³⁰). Það er ekki bara að persónur segjast yrkja heldur vísa þær líka til annars skáldskaps í daglegu tali. Jónas og Megas er dæmi. Jónas notar texta úr lagi Megasar í daglegu tali. En fyrst og fremst er það Sturla sem er að vísa til annarra skálda, hvort heldur sem er í samræðum eða hugsunum.

Þegar Áslakur og Sturla hittast í lyftu á Skúlagötunni má finna margar af þessum mismunandi tegundum vísana. Á meðan samtalinu stendur byrjar Sturla að hugsa um píanistann Ryder í skáldsögu eftir Ishiguro sem einnig á samtal í lyftu. Hann veltir fyrir sér hugmyndinni um tíma í skáldsögu og leyfi rithöfundarins til að leika sér með tímann. Skáldbróðir Sturlu, Svanur, finnst ekki ganga upp þegar innan sögunnar líði aðeins tvær mínútur en fyrir lesandann líði hálf tími eða meira, að lesa um þessar mínútur tvær. Hér er verið að vísa beint í þær aðstæður sem Sturla og lesandinn eru í. Það er verið að benda á hvernig verið sé að segja söguna og Sturla er að velta fyrir sér hvort Svanur hafi rétt fyrir sér. Hvort ljóðskáldið eitt megi leika sér með tímahugtakið. Hér kemur það þrennt sem hefur verið nefnt í tengslum við persónur og vísanir í

²⁸ Sama rit, bls. 167

²⁹ Sama rit, bls. 146

³⁰ Sama rit, bls. 235

Söguheimnum. Áslákur segist skrifa sögur, Ishiguro og skáldsaga eftir hann er vísað í og í framhaldi af því er velt fyrir sér stöðu Sturlu/Ryder og lesandans sem eyðir miklum tíma í að lesa um eitthvað sem á sér stað á fáum mínútum innan veruleika skáldskaparins. Persónurnar eru svo langt inni í skáldskapnum, eigin og annarra, að sífelld birtast vísanir af ýmsum toga, almennt í sköpun, aðra rithöfunda eða gerð textans. Vísanirnar minna á að *Sendiherrann* er skáldsaga. Þær hafa þau áhrif að skáldskapur virðist óumflýanlegur og mikilvægur hluti innri söguheimsins. Sturla er aðalpersónan, miðjan, í *Sendiherranum*. Hann hittir þetta fólk sem segir honum að það skrifi eða máli. Í lífi Sturlu Jóns er skáldskapur allsstaðar. Þetta á eftir að ganga í gegnum allar bækurnar. Þær eru yfirfullar af skáldskap. Allar aðalpersónur bókanna þriggja eru með skáldskap allt í kringum sig. Það er vegna persónanna sem skáldskapur er óumflýanlegur.

Brynjólfur Madsen var vinur, og sessinautur í íslenskutíma í Menntaskólanum í Reykjavík, Jónasar Hallmundssonar og sá sem fór með ritstuld Sturlu í fjölmiðla. Jónas hafði látið Brynjólf hafa nokkur ljóða sinna, meðal annars *Íslenskutíma*, og Brynjólfur fór í fjölmiðla er hann sá sömu ljóð í ljóðabók Sturlu, *fullyrðingar*. Samkvæmt bréfi sínu til Sturlu sér Brynjólfur eftir því að hafa farið með málið í fjölmiðla. Ólíkt fjölmiðlum fordæmir hann Sturlu ekki fyrir ritstuldinn. Áður en bréf Brynjólfs barst til Sturlu hafði Jón hringt í hann með fréttir þar sem fram kom að Jónas hafi „miskunnarlaust stolið frá öðrum skáldum, ekki síst Degi Sigurðarsyni,...“ en, ólíkt Sturlu, hafi Jónas fúslega viðurkennt þjófnað sinn.³¹ Þróstur Helgason bendir á vísunina í annan Jónas. „Nafn Jónasar, frændans sem Sturla Jón stelur frá, vísar auðvitað til þjóðskáldsins Hallgrímssonar og þar með bókmenntahefðarinnar sem kenningar segja að skáldverk séu tilvitnanir í.“³² Getur það útskýrt hvers vegna Brynjólfur sér ekkert að ljóðabók Sturlu. Hvar sér Brynjólfur mörkin á milli þjófnaðar og bókmenntahefðarinnar. Jónas stal frá ljóðskáldum sem hann hélt upp á, Sturla stal ljóðum Jónasar og sagði sín eigin. Sturla bætti greinilega við og breytti ljóðum Jónasar að einhverju leyti.

Í lok þriðja hluta *Sendiherrans*, sem nefnist Druskininkai, er að finna ljóðið *kennslustund*. Í upphafi fjórða hluta (Ambassador Hotel) sest Sturla niður og les bréf Brynjólfs. Þegar Sturla les bréfið er hann kominn aftur frá Druskininkai, þar sem ljóðahátíðin er haldin, vegna þess að honum hefur verið kennt um að stela frakka (sem hann gerði). Þetta leiðir til þess að Sturla Jón eyðir aðeins tæplega hálfum hádegismat á

³¹ Sama rit, bls. 260

³² Þróstur Helgason, „Veruleiki skáldskaparins“, sótt 18. apríl

hátíðinni. Frakkanum stal hann eftir að hans eigin hafði verið stolið á veitingahúsi á Pílies-stræti. Í bréfinu frá Brynjólfi kemur fram að nafn ljóðsins hjá Jónasi hafi verið breytt og síðustu línum ljóðsins (*það myndi ekki duga / út lífið*) hafi verið bætt við af Sturlu. *Kennslustund* er ljóðið sem Liliya Boguinskaia fékk frá Sturlu til þess að þýða á eigið tungumál.

Kaflinn sem hefst, eins og sést hér að ofan, á orðunum: „Lág vetrarsólin...” byrjar óvenjulega vegna þess að Sturla Jón er hvergi sjáanlegur. Sturla er svo tengdur við kennarann, Ármann Val, með þeim hætti að Ármann kenndi, eftir ár sín í menntaskólanum, við Háskólann þar sem hann kenndi Sturlu og að sama ár, 1978, og Sturla byrjaði í Háskólanum, framdi Jónas Hallmundsson sjálfsmorð. Þessar upplýsingar koma fram í málsgrein sem mynda tengilið á milli sögunnar úr kennslustofunni og að vangaveltum Sturlu um samband þeirra frænda, hans og Jónasar. Ástæða þess að horfið er frá Sturlu og farið í kennslustofu í MR árið 1973 kemur skýrt í ljós þegar ljóðið *kennslustund* birtist seinna í bókinni.

Þetta ljóð þeirra frænda er miðja í textanum, í söguþræðinum. *Kennslustund* Ármanns Vals er mikilvæg vegna ljóðsins sem birtist tæpum þrjátíu árum eftir kennslustundina í ljóðabók Sturlu. Ljóðið, *kennslustund*, tengist Ármanni Val og Brynjólfi og Liliyu og Aquascutum-rykfrakkanum, ljóðahátíðinni, Degi Sigurðssyni, Jónasi Hallmundssyni og listsköpun. Það er hægt að setja ákveðið samasem merki á milli *kennslustundar* og *fullyrðinga*, ljóðabókar Sturlu, þar sem ljóðið er það eina sem lesandi *Sendiherrans* fær úr bók Sturlu/Jónasar. Út frá því má finna tengsl ljóðsins við hvort tveggja næstu bóka þar sem þjófnaður Sturlu á verkum Jónasar er, a.m.k., nefnt. Það er ekki bara skáldskapur heldur nánar tiltekið ljóðið sem er til umfjöllunar í *Sendiherranum*. *Kennslustund* er ljóðið. Allur söguþráður bókarinnar snýst um ljóð og *kennslustund* er ljóðið sem er sendiherra ljóðsins í bókinni. Frakkin og þjófnaður, bæði frá og af Sturlu, er á móti þjófnaði Sturlu á ljóðum Jónasar. Þessum þjófnaði er slengt saman, t.d. með því að Sturla fréttir af eigin þjófnaði á sama tíma og frakkanum hans er stolið. *Kennslustund* er miðja í textanum. Það er *kennslustund* sem tengir verkið allt saman, frá söguþræði til þemans til persónanna og vísana.

Fyrsta prósa verk Sturlu, segir hann sjálfur, er grein um ljóðahátíðina í Litháen sem hann skrifar áður en hann fer út. Þessi grein Sturlu birtist í bókinni. Greinin birtist í lok fyrsta hluta bókarinnar og bæði í fyrsta og öðrum hluta bókarinnar er greinin nefnd. Sturla veltir fyrir sér hvort allir átti sig á þeirri persónu sem birtist í greininni, ergileg persóna sem finnst ljóðahátíð ekki merkileg. Ritstjóri blaðsins sem á að birta greinina skilur hana ekki, er ekki hrifinn, og segir að ef um „einhverja science-fiction er að

ræða, þá verð ég að afþakka."³³ Seinna meir, eftir að hafa ekki mætt á hátíðina, skrifar Sturla aðra grein í stað þessarar sem ritstjórinn er ánægðari með.

Fyrri grein Sturlu um hátíðina áður en hann fer er um margt forspá, þrátt fyrir að hann segir sjálfur að ekkert af því sé illa meint. Þá speglar hún líka það sem Sturla gerir oft, að ímynda sér það sem hefur ekki gerst. Hann bindur ekki miklar vonir við bandarísku ljóðskáldin, en Jenny Lipp, ein af þeim, lýsir Liliya sem „algerri belju“.³⁴ Lipp, og bandarísku ljóðskáldin, þekkja manninn sem Sturla stulur frakkanum frá, listaverkasali að nafni Darryl Rothman, en hann fær svipaða einkunn og Lipp frá Liliyu. Þá lýsir hann írsku skáldi sem hafi mætt á ljóðahátíð með það í huga að drekka. Fyrsti einstaklingurinn sem Sturla hittir á hátíðinni, Rolf, þann stutta tíma sem hann er viðstaddur hana, hefur drukkið, ásamt Sturlu, „tvo bjóra og tvo vodkastaup fyrir hádegi“ og Sturla þarf að minna sig á að „íronían megi ekki verða of sjálfvirk í samskiptum þeirra tveggja“.³⁵ Þá er það litla sem Sturla fær að heyra um ljóðahátíðina ekki mikið og jákvætt. Þegar Sturla mætir hefur Rolf farið út af fyrirlestri sem hann segir að hafi ekkert með ljóðlist að gera, og Liliya lýsir því yfir að ein þrjú ljóðskáld hafi sofnað á fyrirlestrinum. Í grein sinni fyrir hátíðina segir Sturla að það eina óvænta sem geti gerst er ef textar útlendu ljóðskáldanna yfir á litháísku séu ekki textar ljóðskáldsins heldur einhverjir allt aðrir textar „sem hefðu ekkert með ljóðlist að gera.“³⁶ Neikvæð sýn Sturlu á hátíðinni er forspá, en hann neitar þó að svo sé vegna kynna hans við þau Rolf og Liliyu, sem eru stutt gagnvart Rolf, eftir að Jenny Lipp þekkir Sturlu sem þann sem stal frakka Rothmans. Þessi grein Sturlu um hátíðina birtist því í verkinu sem frásagnarspegill með forspárgildi fyrir söguna. Seinni greinin, sú sem ritstjórinn segir framför frá fyrri grein Sturlu, er mun styttri og endar þar sem „hið íslenska ljóðskáld“ flýr örlög sín og er aftur frásagnarspegill en í þetta skiptið er litið til baka, yfir það sem var og var ekki.³⁷

Frásagnaspeglar eru verk inni í verki. Í *Sendiherrnum* er að finna fjögur verk, greinarnar tvær og tvö ljóð. *Kennslustund*, ljóð Sturlu/Jónasar, má tengja við söguþráð, sköpun og táknerfi bókarinnar. Frakkastuld er að finna í *Pétursborgarsögum* Gogol og Gogol og *Pétursborgarsögur* hans er nefnt sérstaklega í *Sendiherranum*. Bragi fer ekki í felur með hvaðan frakkastuldurinn er kominn, ólíkt Sturlu og *kennslustund*, *fullyrðingum*. Vegna þjófnaðarins er komið sérstaklega inn á sköpun ljóðsins

³³ Bragi Ólafsson, *Sendiherrann*, bls. 94

³⁴ Sama rit, bls. 339

³⁵ Sama rit, bls. 298

³⁶ Sama rit, bls. 118

³⁷ Sama rit, bls. 376

kennslustund, hvaðan Jónas fékk hugmyndina að ljóðinu, kennslutíminn sem hann notar í ljóðinu er lýst í bókinni. Allt tengir þetta inn á það sem bókin fjallar um frá upphafi til enda: skáldskap. Fyrri greinin hefur forpárgildi, sú seinni lítur merira til baka; greinarnar spegla táknerfi bókarinnar þar sem komið er inn á ljóðið, mikilvægi þess og stöðu og ljóðskáldið.

Það sem er sérstakt með *Sendiherranum* og umfjöllun bókarinnar um skáldskap er sú gegnumgangandi hugmynd um þjófnað og ritstuld og hvað er og hvað er ekki ritstuldur. Brynjólfur sér ekkert að því hvernig Sturla fer með ljóð Jónasar. Jónas stal frá Degi Sigurðarsyni en hann viðurkenndi það. Er það þess vegna sem það er í lagi, er það þá ekki ritstuldur? Umræða er í gangi í bókinni á hvað er þjófnaður, og hvernig þjófnaður er í lagi. Þetta má líka sjá með frakkaþjófnaðinn. Sérstaklega þjófnaði Sturlu á frakka Rothmans þar sem Sturla sannfærir sjálfan sig af hverju það var allt í lagi að stela frakka Rothman. Hann hefur um margt rétt fyrir sér í réttlætingu sinni á hvernig maður Rothman er.

Það kemur fram í bókinni að Sturla hefur gefið út fleiri ljóðabækur. En lesandinn kynnist ekki ljóðskáldinu Sturlu heldur þjófinum, eða þeim sem ætlar sér að fara skrifa prósa. Ef hann var ljóðskáld þá er hann dreginn niður í *Sendiherranum*. Þetta á eftir að halda áfram. Jón er misheppanður leikstjóri. Með allan skáldskapinn umvafinn allt og öllu, þá er mjög erfitt að skrifa, hvað þá gefa úr, skáldverk. Þetta heldur áfram í næstu bókum.

II

Innri söguheimur er það sem er, öllu jafna, kallað söguheimur. Það er að segja, sá veruleiki sem birtist í bókunum, sem birtist fyrst í *Sendiherranum*. Ólíkt fyrri tveim aðferðum sem farið hefur verið í (vísanir og frásagnaspeglar) birtist innri söguheimurinn beint í *Handritinu* og *Fjarverunni*. Vísanir og frásagnaspeglar birtast líka í næstu tveim bókum en innri söguheimurinn er sá sami, það er haldið áfram með sögu Sturlu og Jóns. Það er notast við aðferðirnar vísanir og frásagnaspeglar á annann hátt. Innri söguheimurinn hefur verið kynntur og á eftir að stækka og dýpka í næstu bókum þegar nýjar persónur eru kynntar, tengls milli persóna verður flóknari og atvik halda áfram eða birtast aftur í frá nýju sjónarhorni.

Í *Sendiherranum* birtast ýmis atvik og persónur sem næstu bækur eiga eftir að nota þegar vísanir í eigin verk færast í aukana hjá Braga. Sturla fær lánaða íranska kvikmynd hjá föður sínum sem þarf að skila á bókasafn Hafnarfjarðar, vinnustað Jóns,

en spólan festist í tækinu hjá Sturlu og hefst þar saga þessarar írönsku myndar sem heldur áfram í *Handritinu*. Þeir Jón og Sturla ræða þetta þegar þeir tala saman í *Handritinu* og Örn Featherby hefur gaman af vandræðunum sem myndin hefur haft í för með sér. Sturla rifjar upp atvik sem gerist á Mánagötunni, þegar Jón og Fanný voru enn gift, þar sem Jón er læstur inn á baðherbergi í marga klukkutíma og Fanný segir syni sínum frá ævintýrum Þorbjörns Gests í sumarbústaðnum. Allt skýtur upp kollinum aftur í næstu bókum.

Sturla Jón er á leið til Minsk með Liliyu í lok *Sendiherrans* og er að ímynda sér hvernig verður þegar hann kemur þangað. Sturla kemur fyrir aftur í hvort tveggja næstu bóka Braga. Mun minna er það þó í *Fjarverunni* þar sem hann er nefndur stuttlega í samtali á milli Ármanns Vals og Þorbjörns Gests á Akureyri þar sem Þorbjörn segir Ármanni frá því að Sturla hafi verið að gefa út nýja ljóðabók.³⁸ Þetta samtal þeirra kumpána á Akureyri gerist árið 2006, sama dag og Þorbjörn kemur frá sumarbústaðnum. Í þriðja hluta bókarinnar, sem gerist árið 2011, kemur svo í ljós hvað varð um *fullyrðingar* Sturlu Jóns. Stuttu eftir samtal sitt við Þorbjörn hafði Ármann keypt bókina. Þá kemur hann inn á annað ljóð en *kennslustund*, sem fjallar um heimsókn Jónasar til Ármanns; „því eitt ljóðanna í henni var svo augljóslega ort út frá heimsókn skáldsins...á Rauðarárstíginn...“, svo kemur í ljós hvað varðar ritstuldarmálið að „upplagið var afturkallað nokkrum vikum eftir útgáfu, og því eytt.“³⁹

Það er hins vegar í *Handritinu* þar sem Sturla kemur meira við sögu. Aðallega í símtölum sínum við föður sinn, en einnig hér og þar þegar Jenný, sögukona, er að segja eigin sögur, eða sögur af hjónabandi Jóns og Fannýjar. Til dæmis fara sögusagnir af stað um hvað varð af Sturlu eftir Litháen ferðina og hvar hann er og hvernig hann vinnur fyrir sér. Þessar sögusagnir koma meðal annars frá sambylismanni Jennýjar, Þorbirni Gest (Tobba). Þetta leiðir svo af sér í hvaða átt fyrsta samtal þeirra feðga fer þegar Sturla hringir í faðir sinn og lætur vita af sér í Minsk. *Handritið* gerist stuttu eftir að Sturla á að vera kominn heim aftur frá Litháen. Því veit Jón ekki um son sinn fyrr en hann hringir og spyr hann út í þá orðróma sem hafa farið á stað, og Tobbi heyrir, á Íslandi. Þeir eru þess efnis að hann búi hjá vændiskonu og sé farinn að taka þátt í lyfjatilaunum. Þessar upplýsingar reynast vera rangar en þær upplýsingar sem Jón fær af syni sínum í Minsk finnst honum „síður en svo uppörvandi“ og þegar Sturla er farinn að sletta á frönsku, auk þess sem í einu símtalinu telur Jón að Sturla sé drukkinn, heldur

³⁸ Bragi Ólafsson, *Fjarveran*, bls. 96

³⁹ Sama rit, bls. 191

Jón að eitthvað sé að.⁴⁰ Þá kemur í ljós seint í *Handritinu* að Sturla og Liliya eru á leiðinni til Nicaragua á ljóðahátíð, þrátt fyrir að Sturla hafi ekki mætt á þá síðustu.

Sturla Jón er sá sem hefur komist lengst með listsköpun sína af aðalpersónum bókanna. Sturla er sagður vera 18 besta ljóðskáld landsins á lista sem birtist í miðbænum og hefur gefið út nokkrar ljóðabækur, sem eru frá honum komnar en ekki Jónasi. Jón, Örn og Ármann hafa alla langað, eða ætlað, að leikstýra, í tilviki Jóns, eða skrifa, Örn og Ármann, en allt kemur fyrir ekki. Aðalpersónur bókanna verða vonlausari hvað þetta varðar. Nema Jenný.

4. Jón (og Jenný) eða Jenný (og Jón)

I

Fimmta skáldsaga Braga heitir *Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson*. Jenný er að segja söguna, eða að reyna að segja söguna. „Getur hugsast að það sé ég, Jenný, sem ræð því hversu lengi skipið liggur óhreyft við bryggju?“ spyr Jenný þegar önnur ástæða virðist ekki vera til staðar, „hvaða skipafélag vill hafa heila áhöfn á launum í fimm daga án þess að hún hafi nokkuð fyrir stafni?“⁴¹ Auk þess að skrifa *Handritið* kemur fram að hún hefur skrifað glæpasögur undir dulnefninu Hera Valdísardóttir. Í *Fjarverunni* kemur í ljós að hún ætli sér að skrifa skáldsögu, árið 2011, undir eigin nafni, sem að einhverju leyti fjallar um Geirfinnsmálið, og eigi að heita *Ég kom, ég kem*.⁴² Hvar *Handritið* fellur sem verk hennar, ef svo er, ekki er það glæpasaga eftir Heru, er óvitað.

Jenný Alexson er systir Fannýjar Alexson, fyrrum eiginkonu Jóns Magnússonar og móður Sturlu Jóns, og gömul vinkona Jórunnar Völu Ármansdóttur, fyrrum sambýliskonu Arnar Featherby og systur Ármanns Vals Ármanssonar og flækir allt til muna. Jenný er ekki bara í titli bókarinnar vegna þess að bókin er „eftir“ hana, heldur vegna hve fyrirferðamikil hún er, hve mikið hún kemur að sjálfri sér og hve mikið kemur frá henni. Á fyrstu blaðsíðu fyrsta kafla hefur hún komið inn á föður sinn og mun koma með brot úr dagbók hans áður en langt líður á bókina. Það er ekki komið að fyrsta kafla þegar hún hefur nefnt Tobba (Þorbjörn Gest) sambýlismann sinn. Þriðji

⁴⁰ Bragi Ólafsson, *Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson*, Reykjavík: Mál og Menning, 2010, bls. 403

⁴¹ Sama rit, bls. 173-173

⁴² Bragi Ólafsson, *Fjarveran*, bls. 215

kafli bókarinnar hefst: „Þegar ég var ellefu eða tólf ára gömul...“⁴³ Vandamálið við sögurnar af föður sínum, Tobba og sjálfri sér er að hún er að segja sögu Jóns og Arnar. Hún er rithöfundur bókarinnar og er þar af leiðandi að troða sér inn í eigið verk, væntanlega vegna tengsla hennar við aðalpersónur bókarinnar. Jenný bendir sífelld á að hún er að segja söguna, og hvernig hún er, eða ætlar, að segja söguna.

„...síðan mér datt í hug að láta Jón rifja þau upp.“⁴⁴

„(til að breyta um tíð)“⁴⁵

„(Hér leyfi ég mér að láta Söndru tala eins og hún sé vísvitandi að koma sem mestum upplýsingum til lesandans...)“⁴⁶

„...þá liggur við að ég tárast yfir þessu samtali þeirra feðga.“⁴⁷

„...það eina sem ég hef um þessar nýju upplýsingar að segja...“⁴⁸

Jenný segir sögur af sér, Tobba og föður sínum, hún bendir á hvernig hún segir söguna, hún bendir á að það var hún sem ákvað að Jón myndi rifja upp sögu, hún segir hvað henni finnst um það sem er að gerast og hún segir að sér finnist samtal Jóns og Sturlu sorglegt. Í *Sendiherranum* var hægt að finna skipulag í sögunni, þar hélst sjónarhornið, nánast, alltaf hjá Sturlu Jóni, það var hann sem ímyndaði sér hvað myndi gerast og var að greina ljóð o.s.frv. Við fylgdum Sturlu og *Sendiherrann* var skrifuð í þriðju persónu.

Jenný breytir um tíð þegar henni þóknast, hún fer úr einum útúrdúr í annann (og bendir á að hún sé að gera það). En, eins mikið og hún virðist vita hvað hún er að gera, þrátt fyrir allann útúrdúrinn, virðist hún líka missa tökin nokkrum sinnum. Til dæmis þegar hún veit ekki af hverju skipið er stopp við höfnina og hvort það sé hennar verk, og þegar hún veltir fyrir sér „...hvort ekki sé einkennilegt að farsímasamband náist úti á reginhafi.“⁴⁹ Vegna þessarra vangaveltna Jennýjar koma spurningar um hvort hún sé við stjórnvölin. Er einhver annar sem hefur stjórn yfir henni? Hún bendir á að hún geti ekki sagt Tobba frá, eða spurt hann, vegna þess að upplýsingarnar sem hún hefur á hún ekki að hafa, til dæmis það sem hún hefur frá samtali feðganna Sturlu og Jóns. Af hverju er hún að segja söguna? Ef hún veit ekki af hverju skipið er stopp í fimm daga, hver veit það þá? Í upphafi 10. kafla viðurkennir Jenný að hún hafi aldrei áður komið í

⁴³ Bragi Ólafsson, *Handritið*, bls. 25

⁴⁴ Sama rit, bls. 121

⁴⁵ Sama rit, bls. 30

⁴⁶ Sama rit, bls. 126

⁴⁷ Sama rit, bls. 149

⁴⁸ Sama rit, bls. 81

⁴⁹ Sama rit, bls. 146

skip („orðin fimmtíu og níu ára gömul“) og segir það verða „óneitanlega forvitnilegt“ að fylgjast með Jóni og Erni „án þess að vera sjálf á staðnum.“⁵⁰ Þar *Sendiherrann* var sjálf saga og skein ljósi á hvernig skáldsagan var skrifuð (t.d. Ishiguro og tímahugtakið) þá, vegna/þökk sé Jenný(ar), er gengið ennþá lengra í *Handritinu*. Það er ekki bara verið að vísa í mynd eftir Bela Tarr og í *Sendiherrann*, og kvikmyndahandrit þeirra Arnar og Jóns kemur inn í söguna og Jenný bendir beint á hvernig hún er að segja söguna, heldur eru líka aftur og aftur að vakna spurningar um hvernig hún hefur ýmsar upplýsingar. Eins og í *Sendiherranum* eru vísanir bundnar persónum.

Það sem flækir þetta ennþá meira er svo saga Sturlu Jóns í bókinni. Því hér er að finna framhald af *Sendiherranum*. Meðal annars er vísað í írönsku myndina sem aldrei skilaði sér aftur á bókasafnið í Hafnarfirði. Í *Handritinu* er áframhald hennar meðal annars það að Jón pantar myndina á DVD sem er svo tekið til baka. Hvernig á að taka þessum upplýsingum þegar Jenný er að segja söguna, hvernig veit hún um írönsku myndina? Það kemur fram í *Sendiherranum* að Sturla hafi fengið verkefni sem snýst um það að skrifa um Níels Pietur þegar hann býr í Kjarvalsstofu í París.⁵¹ Í eitt af þeim skiptum sem Sturla Jón hringir í föður sinn segir Sturla honum frá þessu verkefni sínu í París.⁵² Vegna þess hvernig Jenný segir frá, með öllum sjálfsvísunum í hvernig hún sé að segja frá, vakna spurningar um hvernig hún veit hvað er að gerast hjá Jóni og Erni í Hull, á ferðalagi þeirra. Hvernig veit hún um verkefni Sturlu í París? Þar sem Jenný er að segja sögun koma spurningar um hvað gerðist og gerðist ekki. Er Jenný að skálda ferðalag Jóns og Arnar og kvikmyndahandritið? Hún hefur komið sér á milli rithöfundarins Braga Ólafssonar og innri söguheims verkanna. Skrifaði hún *Sendiherrann*? Hún virðist hafa upplýsingar um Sturlu, eftir að þær hafa komið frá Sturlu (í hennar frásögn), sem hún þyrfti að hafa lesið *Sendiherrann* til að hafa, eða vita meira um líf Sturlu en hún segist vita. Hún tekur það fram að hún viti lítið um ritstuld Sturlu á Jónasi. Það var stjórn í *Sendiherranum*, það er nánast stjórnleysi í *Handritinu*. Með því að láta Jenný segja söguna koma fram öðruvísi þælingar varðandi sambands raunveruleika og skáldskapar. Það er búið að bæta við örðu lagi af skáldskap ofan á skáldskapinn. Það er búið að flækja sambandið milli frásagnaspegils og vísana. Því að saga Jóns og Arnar er orðin verk inni í verki og kvikmyndahandritið því verk inni í verki inni í verki. Þetta eru orðin mörg lög af skáldskap frá raunveruleikanum, og spurningar um hvað „raunverulega“ gerðist í veruleika skáldskapsins. Fóru Jón og Örn til Hull? Í *Sendiherranum* var það Sturla og svo verk Sturlu í skáldsögu eftir Braga

⁵⁰ Sama rit, bls. 83

⁵¹ Bragi Ólafsson, *Sendiherrann*, bls. 365

⁵² Bragi Ólafsson, *Handritið*, bls. 152

Ólafsson. Í *Handritinu* er það Jenný sem segir sögu Jóns og Arnar og svo er kvikmyndahandrit þeirra félagar verk inni í sögu þeirra. Jenný grefur undan skáldskapnum inni í skáldskapnum.

En, að Jóni og Erni. Jón Magnússon er lærður kvikmyndaleikstjóri sem hefur aðeins eina mynd á bakinu sem hann gerði sem útskriftarverkefni úr kvikmyndaskóla í Tékklandi.⁵³ Örn er á svipuðum slóðum. Það kemur fram í *Fjarverunni* að Örn hafi skrifað bók með smásögum og leikþáttum sem Ármann prófarkalas en var aldrei gefið út vegna þess að Örn dró hana til baka.⁵⁴ Ólíkt Sturlu hafa þeir áætlað eða langað til að starfa við leikstjórn og skrif en ekkert orðið af því. Þeir fá svo möguleika á því að gera kvikmynd þegar Alfreð Leó, gamall skólafélagi Jóns ákveður að styrkja Jón og Örn til gerðar leikinnar kvikmyndar. Líkt og með fyrri afrek þeirra félagar í listrænni sköpun verður lítið úr kvikmyndahandritinu.

Kvikmyndahandrit þeirra Arnar og Jóns, úr titli bókarinnar, sem samþýlismaður Jennýjar, Tobbi, bætir við hugmynd þegar hann fær það verkefni að færa handritslýsinguna yfir á ensku, er lýst töluvert vel.⁵⁵ Það liggur beint við að skoða kvikmyndahandrit Jóns og Arnar með *kennslustund* og *fullyrðingar* (ljóðabók Sturlu) í huga. Ólíkt ljóðabók Sturlu sem er fullkláruð og búuð er að gefa út er kvikmyndahandritið ennþá í vinnslu (og mun ekki komast lengra). Líkt og í grein Sturlu í *Sendiherranum* er að finna hér frásagnaspegil en ólíkt greinar Sturlu, er ekki fer allt í báðar áttir, það er, handrit þeirra líkir eftir lífi þeirra og öfugt. Við heyrum sögur sem þeir félagar heyra og vilja fella inn í handritið og uppnám á veitingahúsum eiga sér stað í sífellu, hvort tveggja sem hugmynd fyrir handritið, sem þeir vilja bæta við handritið, og svo sem gerist fyrir þá félagar sjálfa. Fyrst er það nokkuð sem gerðist á Naustinu fyrir þá tvo á sjöunda áratug 20. aldar, þar er ein af upprunalegu hugmyndum þeirra fyrir handritið. Þar hitta Jón og Örn fyrir tvo Rússa (líkt og Sturla gerði í Litháen) og tvo Englendinga sem eiga orðastað sem endar með því að annar Englendingurinn fer á efri hæð veitingastaðarins og hverfur. Öfugt við hvarf frakkans í *Sendiherranum* hverfur hér maðurinn en ekki frakkinn. Seinna heyra þeir sögu Jaime, sem þeir hitta í skipinu á leið til Englands, þar sem Jaime endar á veitingastað með einkennilegum þjónum. Svo lenda þeir sjálfir í uppnámi á veitingastað hvort tveggja á Englandi, með fjölskyldu föður Arnar, og eftir að þeir koma aftur heim með, meðal annarra Alfreð Leó. Eins og með allt í *Handritinu* er meiri óreiða hér á milli kvikmyndahandritsins og höfunda þess. Hér er komið aftur í gerð verksins. Ljóðabók Sturlu var fullgerð, hér eru þeir að vinna í

⁵³ Sama rit, bls. 28

⁵⁴ Bragi Ólafsson, *Fjarveran*, bls. 28

⁵⁵ Bragi Ólafsson, *Handritið*, bls. 133-134

handritinu. Þeir hitta Jaime og ákveða að bæta hans sögu inn. Þeir eru að fá hugmyndir til þess að bæta við handritið á leiðinni. Jafnvel greinar Sturlu komu fullkláraðar fram. Kvikmyndahandritið kemur í bótum, smá hér, aðeins þar og hugmynd þeirra félaga að endinum. Það eru endurtekningar sem birtast í gegnum handritið. Öll uppnámin á veitingastöðum og heimkoma við höfnina í Reykjavík. Það er farið yfir þegar handritin komu, þegar Jón Leifs kom, og svo fleira. Þetta á að færa inn í handritið á einhvern máta. Uppnámið byrjaði á sjöunda áratugnum og atviki sem Jón og Örn lenda í og svo flakkar uppnám á milli kvikmyndahandritsins og veruleika Jóns og Arnar. Líf þeirra og skáldskapur skiptast á að vera á undan, að vera forspár. Fyrst í aðra áttina og svo í hina. Þá er flóki kvikmyndahandrits félagana svipaður flóka sagna Braga sjálfs. Það er verk inni í kvikmyndahandritinu. Þá er hægt að færa sig frá Jenný, höfundu *Handritsins*, til sögunnar sem hún er að segja um Jón og Örn, til kvikmyndahandrits þeirra og svo til verksins, *Illur Arfur*, inni í kvikmyndahandritinu.

Í síðasta kafla bókarinnar segir Jenný að hún sé ekki höfundur persónanna í sögunni, en viðurkennir þó að „sumt af því sem hefur fengið að fljóta með, og hefur fest sig utan á þá atburðarás sem þeir Örn og Jón hafa flækt sig í - eða hún þá - sé undan mínum rifjum runnið og skrifist á minn persónulega reikning (sem ég geru reyndar ráð fyrir að sé orðinn svolítið hár).“⁵⁶ Og undir lokin viðurkennir hún enn fremur að hún „sá þá [Örn og Jón] síðast um það leyti sem þeir hefðu samkvæmt öllu átt að vera að sigla inn í höfnina í Inningham.“⁵⁷

II

Þó svo Bragi hafi sagt að *Handritið* sé í raun fyrsta bókin í seríunni er að finna í henni ýmislegt sem er meira skiljanlegt fyrir þá sem hafa lesið *Sendiherrann*. Til dæmis saga Sturlu Jóns, og saga írönsku kvikmyndarinnar. Níels Pietur, Jenný og Tobbi eru öll nefnd í *Sendiherranum*. Níels Pietur mun minna, en hann er nefndur í upphafi bókarinnar þegar afgreiðslumaður í búið þar sem Sturla er að festa kaup á rykfrakka lýsir manni sem Sturla getur sér til að hafi verið Níels og svo er Jónatan Jóhannsson hálfbróðir Níelsar og ritstjóri tímaritsins sem Sturla skrifar grein fyrir. Jenný, Tobbi og fræg sumarbústaðsferð þeirra (sérstaklega Tobba) er til umræðu á milli Sturlu og Fannýjar eftir að Jenný hefur sagt Fanný frá ævintýrum Tobba í bústaðnum. Það er aðeins komið aftur inn á þessa ferð af Jenný í *Handritinu*.

⁵⁶ Sama rit, bls. 430

⁵⁷ Sama rit, bls. 463

Í *Handritinu* er gengið inn í tilbúinn (innri) söguheim úr *Sendiherranum*, hann stækkar og dýpkar. Fyrir lesendur *Sendiherrans* er, þess vegna, margt að þekkja aftur og rekast á, af ýmsum stærðum og gerðum. Sturla kemur eins fram í *Handritinu*, þar sem Jón er aðalpersónan, og Jón birtist í *Sendiherranum*: í gegnum síma. Það kemur fram slúður sem virðist fylgja um þá feðga að Helgi H. Haraldsson sé faðir Sturlu, ekki Jón. Þetta kemur fram vegna myndar sem Helgi hefur af Fanný; sem Fanný hefur sagt Sturlu frá í *Sendiherranum* vegna ljósmyndasýningar sem Helgi ætlar að setja upp. Svo er það að Ármann Valur, fyrrum kennari Jónasar Hallmundssonar og Sturlu Jóns, og aðalpersóna næstu bókar Braga, á systur sem var eitt sinn sambýliskona Arnar Featherby; eða viðsnúningar eins og þegar Englendingurinn hverfur en ekki frakkinn hans. Það er mikið hægt að finna af tengslum og viðbætingum í innri söguheiminum sem var settur upp í *Sendiherranum*. Það hefur áhrif á allar þrjár bækurnar þegar upp er staðið. Til dæmis er lítið öðruvísi á samband Jóns og Sturlu þegar slúðrið um Helga H. heyrir. Það getur breytt sjón á samtöl Jóns og Sturlu í hvort tveggja *Sendiherranum* og *Handritinu*, og líka samtölum Sturlu við Fanný móður sína. Það er framhald af sögu Sturlu, það sem gerðist í Litháen breytti því ekki að honum var boðið á aðra ljóðahátíð. Jafnvel eins lítið atvik og upphaf *Sendiherrans* þegar Niels Pietur er nefndur breytist eftir að *Handritið* hefur verið lesið. Vísanir innan innri söguheimsins aukast og aukast og fleiri og fleiri tækifæri eru til þess að vísa nánast eingöngu í eigin söguheim. Jafnvel á lúmskan máta eins og að snúa við frakkastuldu, þar sem frakkinn er eftir en maðurinn hverfur.

5. Ármann Valur

I

Það er unga kynslóðin sem tekst að skrifa, tekst að koma frá sér verkinu sem það ætlar sér. Emil Halldórsson, aðalpersóna *Gæludýranna*, gefur út skáldsögu, að kemur fram í *Fjarverunni*; Jenný, sem hefur gefið út glæpasögur undir nafninu Hera Valdísardóttir og er að vinna að skáldsögu undir eigin nafni; Sturla Jón og Liliya eru bæði ljóðskáld sem hafa ljóðabækur útgefin eftir sig (það þarf reyndar að gera ráð fyrir því hjá Liliyu). Hinum eldri gengur þó öllu verr. Jón er lærður leikstjóri sem hefur engu leikstýrt utan útskriftarverkefnisins, Örn vill skrifa, en eina bókin sem komst nálægt því

að verða gefin út var afturkölluð af Erni sjálfum og Ármann dreymir um að skrifa, sem hann þó byrjar á fyrir rest.

Ármann Valur Ármannsson birtist fyrst í annarri skáldsögu Braga Ólafssonar *Gæludýrin*. Þar hittir hann aðalpersónuna, Emil Halldórsson, í flugvél og eftir að Emil tekur óvart gleraugu Ármanns fer Ármann heim til Emils eftir gleraugunum en hittir ekki Emil heldur Hávarð og endar með því að vera með Hávarði og fleirum framundir næsta morgun. Það er þar sem *Fjarveran* pikkar hann upp. Þegar Ármann vaknar á heimili Emils og kemur sér þaðan í burtu. Emil Halldórsson á sér svo sinn sess í *Fjarverunni* en Ármann fær það verkefni, fimm árum eftir þetta atvik, 2006, að prófarkalesa skáldsögu Emils sem fjallar um þetta kvöld. Ármann sér þó til þess að bókin verði ekki útgefin, aðeins til þess að öðrum fimm árum seinna kemur Emil aftur með skáldsöguna, betri að hans sögn, þar sem hann ber Ármanni þakki fyrir að stöðva útgáfu skáldsögunnar fimm árum fyrr. Einn af þráðum *Fjarverunnar* eru þessi tengsl hennar við *Gæludýrin*. Ásamt því að bæta við innri söguheiminn með því að bæta nýju við (nýjum persónum og sögum, atvikum), má segja að það sé einnig gert með því að fara til baka í skáldsögu Braga frá 2001. Spurningar vakna um tengsl *Gæludýranna* við Söguheiminn. Ármann, eftir að hafa komið fyrir í þremur bókum Braga, fær loks að vera í forgrunni í *Fjarverunni* sem birtir glefsur úr lífi hans frá þrem árum með fimm ára millibili; 2001, 2006, 2011.

Í *Fjarverunni* er farið frá þeim feðgum Jóni og Sturlu í fyrsta sinn, þó ekki langt. Báðir eru þeir nefndir í bókinni, fyrir utan þau tengsl sem er á milli þeirra og Ármanns úr fyrri bókum. Þá heimsækja Þorbjörn og Jenný Ármann, og Þorbjörn hittir Ármann á Akureyri. Frásagnaraðferð bókarinnar öllu hefðundnari en í *Handritinu* þar sem Jenný er ekki lengur við völd. Sagan er sögð í þriðju persónu, mest megnis frá sjónarhóli Ármanns, en þó með fleiri frávikum en var að finna í *Sendiherranum*. Snemma er í fyrsta hluta, árið 2001, er sagt frá árás sem á sér stað á Hlemmi í stuttum kafla sem ekkert virðist með Ármann að gera, en skýrist svo seinna meir þegar árásarmaðurinn flytur inn í sama hús og Ármann og svo er síðasti kaflinn frá sjónarhorni hans, Rúriks. Þá kemur fyrir að sagan hverfi til sjónarhóls Moniku, fyrri íbúi íbúðarinnar sem Rúrik flytur í seinna.

Þrátt fyrir fjarveru Sturlu og Jóns er jafnvel meira um vísanir innann sögunnar, þá vísanir innan söguheimsins sjálfs. Vissulega eru þó líka kynntar nýjar persónur og þar eru tvær helst að nefna Markús Geirharð, tónskáld, sem verður vinsæll eftir dauða sinn og Esther, sem í upphafi bókar er með Markúsi, tónskáldi og félagi Ármanns, en kynni hennar og Ármanns aukast er líður á söguna. Úlfhildur Dagsdóttir segir í

gagnrýni sinni um bókina að „*Fjarveran* virðist snúast í eilífa hringi um eigið skott[...]án þess nokkur tíma að setjast niður.“⁵⁸

II

Þriðjungur bókarinnar gerist á sama ári og svipuðum tíma og fyrri tvær umræddar bækur. Árið 2006. Ármann Valur þekkir Jón og Jón hefur sagt Ármanni sögunna af því þegar hann var læstur inn á baðherbergi af Fanný á Mánagötunni sem sagt er frá í *Sendiherranum*. Ármann, sem hefur prófarkalesið nokkrar bækur Heru Valdísardóttur, fann þetta atvik í einni af glæpabókum hennar. Þetta kemur fram í samtali þeirra Þorbjörns og Ármanns. Þá kemur líka fram, sem Þorbjörn heldur hér fram, að Helgi H. Haraldsson sé faðir Sturlu Jóns en ekki Jón Magnússon. Jenný kemur einnig inn á þetta sama slúður í *Handritinu*.

Í þessu sama samtali Ármanns og Þorbjörns á Akureyri segir Þorbjörn líka frá afrekum sínum í sumarbústaðnum þar sem hann skrifaði í gestabók fyrir næstu gesti. Þetta er þá í þriðju bókinni í röð sem þessi saga af afrekum Þorbjörns kemur fram. Færsluna sem hann skrifaði í gestabókina heyrir svo í útvarpsleikritinu (*Gestabókin*) þar sem við kynnumst einnig fólkinu sem er aðeins nefnt á nafn hér af Þorbirni. Þeim Hreiðari og Snædísí og föður Snædísar, Fannari, og móður Hreiðars, Sif, sem eru þar. Það er þessi einkennilega fjölskylda sem hafði pantað bústaðinn á eftir Jenný og Þorbirni. Útvarpsleikritið flakkar á milli bílanna tveggja á leiðinni í bústaðinn, Hreiðar og Snædís í öðrum, Fannar og Sif í hinum, og svo Þorbjörns þar sem hann situr við skriftir í gestabókina. Með útvarpsleikritinu hefur innri söguheimurinn farið út fyrir skáldsöguna.

Þetta samtal Ármanns og Þorbjörns er alveg fullt af vísunum í innri söguheiminn. Í *Sendiherranum* voru vísanirnar hingað og þangað; í *Handritinu* var slatti af sjálfsvísunum og jafnmikið, hugsanlega meira, í kvikmyndir, kvikmyndaleikstjóra, rithöfunda. Í *Fjarverunni* er mun meira af sjálfsvísunum, hvort tveggja innan bókarinnar og í innri söguheiminn. Hér eru aðferðirnar þrjár (vísanir, frásagnarspeglar og innri söguheimru) farnar að blandast saman meira en áður. Þetta sést best í samtali þeirra félaga. Þeir ræða *Gæludýrin* og ákvörðun Ármanns að stöðva útkomu bókar Emils, þeir ræða þýðingarverk Þorbjörns fyrir Jón og Örn er tengist kvikmyndahandritinu þeirra. Þessi umræða leiðir af sér smá spjall um Sturlu Jón, sem mun leiða af sér að Ármann kaupir *fullyrðingar*, ljóðabók Sturlu. Svo fara þeir aftur að

⁵⁸ Úlfhildur Dagsdóttir, „Fögnuður prófarkanna“, málsgr. 9, sótt 21. apríl

ræða annann af þráðum bókarinnar sem er tónverk Markúsar Geirharðs við texta Ármanns sem felur í sér samtal sem tengist Geirfinnsmálinu. Þeir flakka á milli þess að tala um hluti sem eiga sér stað innan bókarinnar og hluti sem hafa gerst í öðrum bókum og vísa í aðrar bækur Braga sjálfs, innan Söguheimsins. Og þeir halda áfram: sumarbústaðarferð Þorbjörns, næstu gestir, Sölvína, dóttir Þorbjörns, og samband hennar og Hreiðars, sem er samkennari Þorbjörns (hann hafði híft einkunn Sölvínu upp, að sögn Þorbjörns, „í þeim tilgangi einum að tosa niður á henni buxurnar.“⁵⁹). Þetta samtal þeirra tekur tvo kafla í upphafi annars hluta, sem gerist 2006. Í þessu samtali fer sjálfsgagan nánast í yfirgír. Allt samtalið eru vísanirnar innan innri söguheimsins. Án þess að hafa lesið *Sendiherrann* og *Handritið* geta öll nöfnin og atvikin og samtölin orðið ansi ruglingsleg og merkingaminni. Gott dæmi er þegar Ármann segist hafa séð atvikið af Mánagötunni í bók eftir Heru. Fanný er systir Jennýjar, þaðan hefur Jenný fengið upplýsingarnar. Það er því mikill munur á því að lesa bókina hafandi og hafandi ekki lesið fyrri bækur Braga. Það þarf þó ekki að einfalda hlutina að hafa lesið fyrri bækur Söguheimsins, því eins og Úlfhildur Dagsdóttir segir í gagnrýni sinni getur verið töluvert flókið að fylgja öllu eftir og taka eftir öllum vísununum í Söguheim verkanna þriggja, fjögurra með *Gestabókinni*.⁶⁰

III

Síðasti hluti *Fjarverunnar* gerist árið 2011, fimm árum eftir ævintýri Sturlu, Jóns og Arnar. Áframhaldandi innkoma persónugallerýsins sem fyllir upp innri söguheim Braga þýðir að hitt og þetta kemur í ljós. Aðeins 51 eintak af ljóðabók Sturlu var seld áður en hún var afturkölluð, Jón Magnússon er hættur að vinna á bókasafni Hafnarfjarðar, „sjálfhætt“ samkvæmt konu sem vinnur á safninu, og einhverjar skrýtnar sögur eru af viðskiptum þeirra Jóns og Arnar og Alfreðs Leó, sem endaði í fangelsi í tvö ár vegna fjárdráttis.⁶¹ Jenný og ný bók hennar kemur í ljós þegar Þorbjörn og Jenný heimsækja Ármann. Og, svo er það ævisaga Ármanns sjálfs, sem lætur af því að byrja að skrifa bók. Í ljós kemur að bókin fær nafnið *'Hinsti Vilji, þættir úr lífi lesara'* en hvort hún mun koma út er ekki gefið upp.⁶² Í lok bókarinnar, þegar Ármann liggur hugsanlega dáinn, gluggar lögreglumaður í handritið sem meðal annars kemur inn á ævintýri Ármanns á heimili Emils S. Halldórssonar. Aftur er vísað í *Gæludýrin* og endar því

⁵⁹ Bragi Ólafsson, *Fjarveran*, bls. 107

⁶⁰ Úlfhildur Dagsdóttir, „Fögnuður prófarkanna“, málsgr. 7, sótt 21. apríl

⁶¹ Bragi Ólafsson, *Fjarveran*, bls. 195

⁶² Sama rit, bls. 238-239

bókin þar sem hún byrjaði. Og, enn og aftur, er komið handrit, skrif eftir aðalpersónu bókarinnar.

Það virðist þó vera að skrif Ármanns sé nær kvikmyndahandriti Jóns og Arnar, en *fullyrðingum* Sturlu. En jafnvel *fullyrðingar* kemur í ljós að er afturkölluð eftir að upp komst um ritstuld Sturlu Jóns á ljóðum Jónasar Hallmundssonar. Þrátt fyrir alla umfjöllunina um skáldskap, á alla þá mismunandi máta sem það birtist eru þeir í minni hluta sem tekst að gefa út verk. Það síðasta sem við vitum af Sturlu, þeim sem er ljóðskáld og hefur útgefnar bækur, er afturköllun nýjustu bókar hans. *Hinsti Vilji* Ármanns er í höndum lögreglumanns sem stendur yfir Ármanni, kvikmynd Jóns og Arnar varð að engu, þrátt fyrir miklar hugmyndir. Jafnvel Jenný, sem gaf út glæpabækur undir dulnefni er allt annað en stolt af þeim verkum sínum en er að vinna, segist vera vinna að skáldsögu.

Frá *Sendiherranum* og til *Fjarverunnar* helst alltaf þessi umfjöllun um skáldskap. Frá Sturlu til Ármanns, þeir eru mikið að orða hlutina með sjálfum sér og eru stundum sérlega ánægðir með hvernig til tekst. Heill haugur af rithöfundum og hvers kyns skapandi fólki er beinlínis nefnt og rætt um, og því lengra sem líður aukist í sífellu vísanir innri söguheimsins; nýju bætt við, tenging persóna, atvik, eitthvað gamalt frá nýju sjónarhorni, t.d. sumarþustaðsferðin. Þá eru öll þessi atvik og persónur jafnan tengd við skáldskap. Sagan af Jóni læstum inni á baðherbeginu byrjar sem upprifjun Sturlu í *Sendiherranum*, þar sem lesandinn fær einhverja tilfinningu fyrir hjónabandi Jóns og Fannýjar og barnæsku Sturlu og endar í bók eftir Heru, Jenný, sem Ármann kemur auga á við prófarkalestur. Skáldskapurinn er farinn að birtast í skáldskap innan söguheimsins, sem minnir á Jenný og *Handritið*, bókstaflega skáldskapur inni í skáldskapnum. Það er alltaf verið að koma inn á skrif, skapandi listir. Í gegnum allt í þessum Söguheim er skáldskapurinn alls staðar. Það er ekki komist frá honum, ef þú kemur ekki til hans kemur hann til þín.

[...]en það kemur honum síður en svo á óvart að hans eigið líf elti eitthvað í þeim skáldskap sem honum er efst í huga í augnablikinu; slíkt virðist fremur regla en undantekning - og í huga hans helsta notagildi skáldskaparins: að styðja við lífið í því verkefni að hanna atburðarrás þess.⁶³

⁶³ Bragi Ólafsson, *Handritið*, bls. 58

Lokaorð

Það virðist því svo að *Fjarveran* sé einskonar framhald þeirrar sögu, þó ekki hefðbundið, því það er aukapersóna en ekki aðalpersóna sem fylgt er áfram. En þegar á líður söguna kemur fleira í ljós sem gerir það að verkum að staðsetning *Fjarverunnar* í höfundarverki Braga verður ekki eins skýr.⁶⁴

Aðallega fylltist ég þó kvíða fyrir því að skrifa um *Fjarveruna* – fyrst ég hef þegar misst af aukahlutverkum aðalpersónu þeirrar bókar, af hverju öðru hef ég þá líka misst?⁶⁵

Staðsetning *Fjarverunnar* í höfundaverki Braga er sem þriðja bókin í röð þar sem hann heldur áfram með Söguheim sinn sem fyrst birtist á *Sendiherranum* árið 2006.

Fjarveran er bókin sem fellir *Gæluðýrin* skýrt og greinilega inn í Söguheiminn. Það má líka segja að Ármann tengi *Gæluðýrin* við Söguheiminn þegar hann birtist í *Sendiherranum*. Munurinn er sá að í *Fjarverunni* eru *Gæluðýrin* tengd inn í gegnum skáldskap. Það er að segja, að innan söguheimsins, þar sem öll umfjöllun um Emil og aðra bók Braga, snýr að skáldskap Emils, og tengsl hans við veruleika Ármanns. Tengslin á milli skáldskapar Emils og skáldskapar Braga Ólafssonar. *Fjarveran* er stödd í höfundaverki Braga þar að hér er Söguheimurinn orðinn það stór og fyrirferðamikill að Bragi getur verið, aftur og aftur, að vísa í hann, í fyrri bækur, í persónur sem hafa birst í fleiri bókum hans, í atvik sem hafa birst í fleiri bókum. Þetta leiðir af sér að einfalt er að fá á tilfinninguna að maður hafi ekki tekið eftir einhverju sem tengir allt enn meir saman.

Því verður þó ekki misst af hver endapunktur og upphafpunktur alls í þessum bókum Braga. Skáldskapur. Þörf fyrir listrænni sköpun. Allar aðalpersónur hafa þessa þörf, langar, dreymir um að... Sturla er ljóðskáld að færa sig yfir í prósa, Jón er leikstjóri sem aldrei fær tækifæri til að leikstýra, Örn er rithöfundur sem ekki gefur út bók, Ármann skrifar loks ævisögu en...

Hvert sem litið er, er skáldskapinn að finna. Og í þessum Söguheimi er sjálfsagan fyrirferðamikil, það er fjallað er um skáldskap, á marga ólíka vegu. Út frá persónum, út frá frásagnaraðferð, grafað er undan frásagnaraðferðinni, ljóð eru greind, sögur eru sagðar, hvernig þær eru sagðar er til umfjöllunar, samband skáldskapar og

⁶⁴ Úlfhlidur Dagsdóttir, „Fögnuður prófarkanna“, málsgr. 2, sótt 21. apríl

⁶⁵ Úlfhlidur Dagsdóttir, „Fögnuður prófarkanna“, málsgr. 2, sótt 21. apríl

lífsins, skáldskapar og raunveruleikans. Og Jenný, sem ruglar öllu ennþá meira. Hún bætir við öðru lagi af spurningum. Skáldskapur um skáldskap um skáldskap; Bragi, Jenný, og svo Örn og Jón og kvikmyndahandritið og Sturla og...

Hver er raunverulegur veruleiki skáldskaparins. Innan skáldskapsins, hvað gerðist og gerðist ekki? Af hverju er Jenný að segja söguna af ferð Jóns og Arnar til Hull á Englandi? Spurningar um skáldskapinn og veruleika skáldskapsins og tengslin þar á milli, og svo lífið og skáldskapinn.

